

Góðan dag, á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þ. 29.febr. sl. var eftirfarandi tekið fyrir og samþykkt:

5 1202053 - Samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál

11.liður úr fundargerð SBH frá 21.febr. sl.

Tekið fyrir að nýju erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 03.02.2012 þar sem vísað er til umsagnar Samgönguáætlun 2011-2022, mál. 393. Umsagnarfrestur er til 29.02.2012. Vefslóð <http://www.althingi.is/altext/140/s/0534.html>. Lögð fram tillaga skipulags- og byggingarsviðs og umhverfis- og framkvæmdasviðs að umsögn.

Þorsteinn Hermannsson, skipulagsverkfræðingur frá innanríkisráðuneytinu kom og gerði grein fyrir samgönguáætlun.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir umsögnina fyrir sitt leiti og vísar sameiginlegri umsögn til bæjarstjórnar.

Forseti bar fram tillögu um að 5. og 6. liður í dagskrá yrðu teknir sameiginlega til umræðu. Ekki bárust athugasemdir við tillöguna og taldist hún samþykkt.

Sigríður Björk Jónsdóttir tók til máls.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti framlagða umsögn með 11 samhljóða atkvæðum.

6 1202050 - Samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál

12.liður úr fundargerð SBH frá 21. febr.sl.

Tekið fyrir að nýju erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 03.02.2012 þar sem vísað er til umsagnar Samgönguáætlun 2011-2014, mál. 392. Umsagnarfrestur er til 29.02.2012. Vefslóð <http://www.althingi.is/altext/140/s/0533.html>. Lögð fram tillaga skipulags- og byggingarsviðs og umhverfis- og framkvæmdasviðs að umsögn.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir umsögnina fyrir sitt leiti og vísar sameiginlegri umsögn til bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti framlagða umsögn með 11 samhljóða atkvæðum.

Þetta tilkynnist hér með,

Kv. Auður

Auður Þorkelsdóttir
skrifstofustjóri